

Sp.

60. Tillaga til þingsályktunar

[58. mál]

um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Gísli Guðmundsson, Magnús H. Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til þess að athuga vöruflutninga landsmanna og gera tillögur um bættu skipan þeirra.

Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið.

Greinargerð.

Ekki þarf orðum að því að eyða, hversu greiðar og öruggar samgöngur eru mikilsverður þáttur í nútíma þjóðfélagi.

Íslenska ríkið ver miklum fjárhæðum til vegna, flugvalla, hafna og annarra samgöngumannvirkja. Ýmsir þættir samgangna njóta beinna styrkja úr ríkissjóði. Og aðrir, t. d. strandferðirnar, eru reknar af ríkinu.

Miklar sviptingar hafa orðið í samgöngumálum Íslendinga síðustu áratugina. Gildir það einnig um þann þáttinn, sem þessi tillaga fjallar um. Má minna á eftirfarandi:

Fastar áætlunarferðir millilandaskipa frá nokkrum helztu viðskiptaborgum Íslendinga til hinna ýmsu hafna víðsvegar á landinu eru lagðar niður að mestu.

Strandferðaskip, sem sérhæfð eru til vöruflutninga, leysa af hólmum eldri skip, sem önnuðust jöfnum höndum flutning farms og farþega.

Teknir eru upp í allstórum stíl vöruflutningar með bifreiðum héraða í milli og landshluta.

Hafnir eru vöruflutningar með flugvélum, bæði innanlands og landa í milli.

Þegar þetta er haft í huga, þarf engan að undra, þótt skipan þessara mála sé nokkuð laus í reipunum um þessar mundir og þurfi ihugunar við.

Eins og fram kemur í tillögugreininni, telja flutningsmenn, að gera þurfi hvort tveggja, auka hagkvæmni í vöruflutningunum sjálfum og finna leiðir til jöfnunar á flutningskostnaði.

Hið síðarnefnda hefur þegar verið framkvæmt að nokkru, að því er varðar tiltekna vöruflokkka, svo sem oliur og benzin, tóbak og áfengi og tilbúinn áburð. Og minna má á það, að flutningskostnaður á innlendum landbúnaðarvörum er yfirleitt jafnaður út. Þannig eru t. d. mjólk og mjólkurvörur seldar á sama verði í Reykjavík og í næsta nágrenni mjólkurbúanna, jafnvel þótt flytja þurfi norðan frá Akureyri. Telja flutningsmenn þessarar tillögu réttmætt og eðlilegt að jafna á líkan hátt kostnað við aðra flutninga margs konar.

Með margvíslegu móti má stuðla að aukinni hagkvæmni í vöruflutningum innanlands. Sumar þjóðir, t. d. Vestur-Þjóðverjar, hafa beinlínis komið í veg fyrir tiltekna flutninga, sem þeir töldu þjóðhagslega óhagkvæma. Vissulega má hér miklu til leiðar koma án þess að grípa til svo róttækra aðgerða. Skal þó ekkert fullyrt um það fyrir fram, hvort slíkt kynni að reynast réttmætt undir einhverjum kringumstæðum.

Atvinnuhættir, landslag og búseta fólksins í strjálbýlu landi valda því, að flutningar allir eru, eins og nú er háttáð, misjafnlega dýrir fyrir atvinnuvegina og heimilin. Fyrir því er það brýn nauðsyn að gera allt, sem unnt er, til þess að gera þá byrði sem léttbærasta og jafna henni á landsfólkið.